



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

5. tbl. 2006, - 16. árg.
Maí 2006

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL laugardaginn 17. júní 2006 á Camping í Godbrange

Í þessu blaði:

<i>Þjóðhátíðarskemmtun FÍL</i>	1
<i>HM reglur fyrir konur</i>	2
<i>Áhugaverðir atburðir</i>	2
<i>Ritstjóraspjall</i>	2
<i>Ný stjórn FÍL</i>	2
<i>Linsuvökvi innkallaður</i>	3
<i>66° Norður þakkar viðtökur</i>	3
<i>Ráðagóðahornið</i>	3
<i>Heimilishornið</i>	3
<i>Hestamannamót í Lux</i>	3
<i>Óskilamunir</i>	3
<i>Börn, orðtök og málshættir</i>	4
<i>Litlu dálkarnir</i>	4

Dagskrá

- 9:30 Upphitun fyrir kvannahlaupið
- 10:00 Kvannahlaup í Trim Parcour í Walferdange.
Brautin er 2,4 km á jafnsléttu svo allir ættu að geta verið með, í formi eða ekki, kerru eða vagni. Þetta er í fjórða sinn sem hlaupið er í Luxembourg og eins og áður mun Kaupthing Bank Luxembourg styrkja hlaupið. FÍL mun, sem áður, gefa þátttökugjöldin sem eru € 10 á mann og fritt fyrir börn upp að 12 ára, til góðgerðarmála á Íslandi.
Allir fá áritaða boli og medalíur
Ekki þarf að tilkynna þátttöku eins og undanfarin ár
- 14:00 Tjaldsvæðið á Camping í Godbrange opnar
Börnin fá uppblásnar blöðrur við innganginn og fánar seldir
Hoppukastalar fyrir börnin, annar fyrir yngri börn og hinn fyrir þau stærri
Bestu pylsur í heimi verða til sölu að ógleymdu besta sælgætinu
- 14:15 Hárskreyting, fyrir unga fólkið sem stendur til 16:30
- 14:15 Andlitsmálning fyrir smáa sem stóra sem stendur til 16:30
- 17:00 Skemmtiatriði frá Íslandi: "Hattur og Fattur koma öllum í rétta girinn"
- 18:00 Grilluð íslensk lambalæri með kartöflusalati, hrásalati, rauðkáli, gulum baunum og dásamlegu sveppasósunni hennar Stellu
- 20:00 Dagskrárlök

Næg bílastæði eru á tjaldsvæðinu og félagsmenn eru hvattir til að tjalda og/eða taka með sér stóla, borð, sóhlíf og/eða regnhlíf en umfram allt að klæða sig samkvæmt veðurspá. Vasaljós eru nauðsynleg eftir að myrkva tekur. Hægt er að tengja tæki við rafmagn og gott er að hafa meðferðis framlengingarsnúður.

Drykkjарföng verða seld á Camping-barnum og gestum er vinsamlegast bent á að versla við barinn.

Þeir sem vilja bjóða sig fram til aðstoðar við skemmtunina, vinsamlegast hafið samband við stjórnarmeðlimi, upplýsingar um símanúmer og e-mail eru á blaðsíðu fjögur.

Stjórn FÍL



Á döfinni:

- Þjóðhátíðarskemmtun 17. júní, sjá bls. 1
- Hestamannamót í Schressig 24. - 25. júní, sjá bls. 3
- Áhugavert, sjá bls. 2
- Echernachgangan 24. sept.
- Útlendinganeftindin í Junglinster 3. okt.
- "Allveg brílljant skilnaður" í okt., nánar auglýs. síðar

**Stjórn FÍL vonast til að sjá sem flesta í
viðeigandi fatnaði og í sólsskinsskapi
hvernig sem viðrar!**





HM reglur fyrir konur

TAKIÐ eftir allar konur!

Það er mikilvægt fyrir ykkur að lesa áfram, það gæti bjargað hjónabandinu eða sambandinu. Karlmennt í heiminum haft sett húsreglur fyrir lokakeppni HM í Þýskalandi og það er eins gott að farið sé eftir þeim.

REGLURNAR

1. Frá 9. júní til 9. júlí 2006 skaltu fylgjast vel með fréttum hér svo þú vitir hvað er að gerast á lokakeppninni í Þýskalandi. Þá getum við talað lítillga saman á meðan á lokakeppninni stendur þar sem ég mun ekki ræða um neitt annað en FÓTBOLTA.

2. Á meðan á lokakeppni HM stendur, er alltaf kveikt á sjónvarpinu og það án allra undantekninga.

3. Það er allt í lagi ef þú þarft að komast fram hjá sjónlínu minni að sjónvarpinu svo lengi sem þú skríður eftir gólfinu og truflar mig ekki. Ef þér skildi detta í hug að standa nakin fyrir framan sjónvarpið farðu þá strax aftur í fótin þar sem ég mun ekki hafa tíma til að fara með þig til læknis fáir þú kvef.

4. Á meðan á leik stendur verð ég heyrnalaus, mállaus og blindur gagnvart þér, nema ef til þess kemur að ég þurfi nýjan bjór eða eitthvað að borða.

5. Það er góð hugmynd fyrir þig að hafa alltaf alla vega tvær kippur af bjór vel kældar inni í ísskáp og nóg af snakki. Ef þú hagar þér vel fyrir framan vini mína máttu horfa á sjónvarpið frá klukkan 12 á miðnætti til 6 um morguninn ef það eru ekki neinar endursýningar á þeim tíma.

6. Ef þú sérð að ég er reiður eða pirraður þegar liðið mitt er að tapa viltu þá EKKI segja "þú jafnar þig, þetta er bara leikur" eða "ekki hafa áhyggjur, þeir vinna kannski næst." Ef þú

segir þetta verð ég bara reiðari eða pirraðari. Mundu ávallt að þú munt aldrei vita meira um fótbolta en ég og svona setningar verða bara til þess að við skiljum fyrr.

7. Þú mátt horfa á EINN leik með mér og þú mátt tala við mig í hálfleik, en bara þegar auglýsingarnar eru og bara ef staðan er góð. Taktu líka eftir að ég sagði EINN leik, ekki reyna að nota lokakeppni HM sem einhverja hörmulega tilraun til að "eyða tíma saman."

8. Endursýningar á mörkum eru mjög mikilvægar. Mér er alveg sama hvort ég hafi séð markið áður eða ekki, ég vil sjá það oft og mörgum sinnum í viðbót.

9. Segðu vinkonum þínum að eignast ekki börn á þessum tíma, ekki halda nein barnaafmæli eða aðrar fáránlegar veislur vegna þess að:

- a) ég mun ekki mæta
- b) ég mun ekki mæta og
- c) ég mun ekki mæta

10. En athugaðu, ef vinur minn býður mér í heimsókn til að horfa á leik, þá er ég rokin.

11. Markaðstirnir í lok dagsins eru alveg jafn mikilvægir og leikirnir sjálfir. Láttu þér ekki detta í hug að láta út úr þér setningu eins og "en þú hefur séð þetta áður" eða "af hverju skiptir þú ekki um stöð?" Lestu aftur reglu númer 2.

12. Og að lokum, sparaðu þér setningu eins og "Guði sé lof að lokakeppni HM er bara á 4 ára fresti". Ég heyrir ekki þessa setningu enda tekur Meistaradeildin, Enski boltinn, Ítalski boltinn, Spænski boltinn, Bundesliga og fleira við.

13. Ein undantekning er þó á reglunni: Næstkomandi laugardag, 17. júní fer fjölskyldan öll, þ.e. mamma, pabbi og börnin á Camping í Godbrange og halda saman upp á þjóðhátíðardaginn sinn.

Takk fyrir að virða reglurnar.

Karlmennt um heim allan!

Ritstjóraspjall

Kæru lesendur

Loksins er pláss í blaðinu fyrir ritstjóra til þess að segja nokkur orð, en varla því fullt af efni bíður næsta blaðs.

Aðalfundur félagsins hefur kosið nýja stjórn FÍL eins og fram kemur annarsstaðar í blaðinu. Skýrslur þær og annað efni sem þar kom fram mun birtast í næstu Brú.

Síðari umfjöllun um skemmtigarða nálægt Luxembourg mun einnig birtast þar.

Á islandus.net eru birtar fréttir og upplýsingar sem ættu að þykja áhugaverðar. Fólki er bent á að skoða vefinn með reglulegu millibili og koma jafnvel með ábendingar um það sem betur má fara. Fyrirhugað er að setja símaskrá FÍL á

netið. Þeir sem ekki vilja að upplýsingar úr skránni birtist á netinu, vinsamlegast hafið samband við stjórnarmeðlimi.

Myndlistarsýning Friðu Rögnvaldsdóttur stendur til 21. júní og enginn ætti að láta þá sýningu fram hjá sér fara frekar en 17. júní hátíðina í Godbrange eða hestamannamótið í Schressig.

Vetrarstarfið hefst með Echternachgöngunni sem fyrirhuguð er 24. september.

Útlendinganeftin í Junglinster verður með bás á útlendingahátíðinni 3. október.

Félagið íhugar svo að flytja inn leikrit frá Íslandi, sem verður væntanlega tímasett í október.

Sérstakar þakkir til þeirra sem senda inn efni til blaðsins, ásamt bestu óskum um gleðilegt sumar til allra hér í Luxembourg sem og víðar.

Ritstjóri

Áhugaverðir atburðir

10. júlí Fun Lovin Criminals, mánudaginn 10. júlí í Rockhal (Esch/Belwal). Euro 25.19 <http://www.e-ticket.lu>

12. júlí Sigur Rós, tónleikar miðvikudaginn, 12. júlí í Newmunster Abbey. Euro 29.00 (incl. all taxes) <http://www.atelier.lu>

28. júlí SASHA, tónleikar föstudaginn 28. júlí í Trier, Kaiserthermen. Euro 35.20 <http://www.e-ticket.lu>

Ný stjórn FÍL

Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg var haldinn 30. maí síðastliðinn klukkan 20:30 í Arizona Lounge í Contern.

Venjuleg aðalfundarstörf voru á dagskrá og ný stjórn kosin;

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður
Ingvi K. Guttormsson, ritari
Inga Birna Antonsdóttir, gjaldkeri
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi
Guðbjörg Steinarrsdóttir, meðstjórnandi
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður

Stjórn FÍL þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum, þeim, Elísabetu Einarsdóttur og Þóru Karlsdóttur fyrir gott og skemmtilegt samstarf og byður velkomin til starfa þau Birnu Björnsdóttur og Ingva K. Guttormsson.

Stjórnin

Hótel Núpur í Dýrafirði



Hótel og veitingastaðurinn Núpur, í Dýrafirði býður gesti sína velkomna til dvalar, hressingar og náttúruskoðunar í fallegu og friðsælu landslagi við einn fallegasta fjörð Íslands.

Hótel Núpur
+354 456 8235
info@hotelnuhur.is
Núpur Dýrafirði
IS-471 Þingeyri



Linsuvökvi innkallaður

Bausch & Lomb innkallar linsuvökva

Framleiðendur Renu Moisture Loc, mest selda linsuvökva á Íslandi, og í heiminum öllum, hafa ákveðið að stöðva dreifingu hans og innkalla útistandandi birgðir.

Óttast er að hann geti undir ákveðnum kringumstæðum valdið hornhimnubólgu sem aftur getur leitt til blindu.

Nokkrar vikur er síðan greint var frá því að hugsanleg tengsl væru á milli notkunar á Renu MoistureLoc-linsuvökva, frá bandaríska lyfja-fyrirtækinu Bausch & Lomb og hornhimnubólgu í augum. 122 notendur vökvans í 33 löndum hafa fengið þessa illvígu augnsýkingu undanfarin misseri og verið er að rannsaka 75 til viðbótar. Sýkingin er frekar talin stafa af rangri notkun vökvans en efnun í honum sjálfum, en þegar verst lætur getur hún leitt til alvarlegra skemmda á hornhimnunni og jafnvel blindu.

Því hefur fyrirtækið ákveðið að hætta á honum sölu og innkalla birgðir, meðal annars hér á Íslandi.

Dreifendur Renu-vökvans benda á að vökvinn sem seldur er hérlendis sé ekki framleiddur í sömu verksmiðju og sá sem fer á Bandaríkja- og Asíumarkað, þar sem tilfelli hafa komið upp, og að innköllunin sé að þeirra eigin frumkvæði en ekki landlæknis.

Fréttatilkynning



Marabónið "The Night-Run" í Coque, Luxembourg, gekk alveg framúrskarandi vel, þrátt fyrir mikinn mannfjölda.

Hlauparnir stóðu sig með þrýði og margir náðu góðum árangri þó að veðrið hefði ekki verið með hliðhollasta móti.

Nokkrir Íslendingar og makar þeirra hlupu í maraboninu og náðu frábærum árangri. Innilega til hamingju, frábært framtak!

Vörur fyrirtækisins 66° North Iceland voru til sýnis og sölu í fyrsta skipti í Evrópu á þessari sýningu.

66°North þakkar frábærar viðtökur og hlakkar til frekari samstarfs.

Hægt er að skoða úrvalið á 66north.is og hafa svo samband við undirritaða, ef fólk vill panta eða fá frekari upplýsingar.

Vörurnar verða næst til sýnis og sölu á 17. júní hátíðinni í Godbrange og á hestamannamótinu í Schrassig 24. - 25. júní.

Guðbjörg Steinarrs
gst@gmx.co.uk
+352 091 637 888

Ráðagóðahornið

Umgengni og hitastig kælskápa

Góð umgengni skiptir miklu máli, raðið rétt í kælskápin og þrifið reglulega

Setjið kælivörur strax í kælskáp eftir innkaupaferð.

Ekki yfirfylla kælskápin, það getur orsakað hitastigshækkun og þar með aukið líkur á matarskýkingum.

Rétt kæling - vörn gegn matarskýkingum

Kælið alla matarafanga strax að máltíð lokinni. Látið mesta hitann rjúka úr þeim áður en þeir fara í kælskáp.

Geymið aldrei matarafanga á eldhúsbörði eða inni í eldhússkáp.

Réttir sem matreiðdir eru fyrirfram til dæmis fyrir veislur þarf að kæla vandlega. Geymið við 0-4°C þar til þeir eru hitaðir upp.

Kæling - minni skammtar kólna hraðar en stærri skammtar.

Matvæli sem borða á köld eins og hangikjöt til dæmis, þarf að kæla hratt eftir suðu og geyma síðan við 0-4°C

Geymið öll matvæli í lokuðum umbúðum

Veljið vönduð glerlát eða plastlát sem má endurnota.

Gætið fyllsta hreinlætis - tryggið öryggi og geymsluþol matvæla

Þvoið hendur fyrir og eftir meðhöndlun á matvælum. Notið ávallt hrein áhöld.

Notið alltaf áhöld þegar við á, til dæmis þegar taka á kjötalegg úr bréfi eða boxi. Ekki nota hendur.

Kannið alltaf útlit vörunnar og lykt. Ef þið eruð í vafa um gæði vörunnar, þá fleygið henni strax.

Frekari umfjöllun um svipað efni verður í næstu tölublöðum Brúarinnar.

Hagkaup o.fl., úrdráttur úr auglýsingabæklingi

Hvort er betra að vera einhleyp(ur) eða í hjónabandi?

Það er betra fyrir stelpur að vera einhleypar en það er verra fyrir stráka. Það verður einhver að taka til eftir stráka. Anna, 9 ára

Óskilamunir frá Þorablótinu

Enn eru óskilamunir frá þorablótinu í febrúar. Svartur síður jakki á karlmann, eyrnalokkur, varalitur, Quickliner for lips, og hárgreiða.

Enginn hefur vitjað, beige trefils og bleikra eyrnarskjóla frá þorablótinu 2005. Upplýsingar veittar í síma 365 163.

Heimilishornið

Jólaþakka að gömlum sið

500 gr hveiti
3 tsk lyftiduft
250 gr smjör
250 gr sykur

3 stk egg
Sitrónudropar
bolli rúsínur

Hrærið saman smjör og sykur. Eggjín út í, eitt í einu og hrært vel á milli. Þá er hveiti, lyftidufti og sitrónudropum bætt út í og að lokum rúsínunum. Sett í tvö smurð mót inn í kaldan ofn og bakað í klukkustund við 175 gráður.

Hestamannamót í Lux

Vinir Íslenska hestsins "D'Frenn von den Island Perd asbl" var stofnað 1991. Síðan þá hefur verið haldin keppni annað hvert ár þar sem íslenskir hestar keppa sín á milli.

Nú verður keppnin haldin 24. og 25. júní á "Bastenhaff" 44 rue d'Oetrangle í Schrassig í Luxembourg.

Mótið hefst báða dagana kl. 11:00 og stendur til kl. 18:00.

Gaman væri að sjá sem flesta, íslenskir úrvalsgæðingar koma frá mörgum stöðum í Evrópu.

Úrdráttur úr auglýsingu á þýsku:

Internationales Turnier
Gangpferde-Prufungen
200 reinrassige Islanpferde im Schritt-Trab-Galopp-Tölt und Pass

Islandpferde-Freunde
Luxembourg

Fyrirtækið 66°Norður mun verða með vörur sínar til sölu og sýnis á meðan á keppninni stendur.

Gisting á Vestfjörðum

Mánafell
Íbúðagisting - Apartments
- fullbúnar íbúðir
s. 863 3879
arndis@vestfiridir.is
Bolungavík



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	021 142 060	fil@islandus.net
Ingi K. Guttormsson, ritari	350 206,	021 295 185	ikg@email.lu
Inga Birna Antonssdóttir, gjaldkeri,	2671 0929,	021 224 312,	ingabirna@hotmail.com
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	021 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	091 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006,	091 348 737	oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net

Eyjólfur Hauksson, formaður,	768 545
María Huesmann	358 556
Sólveig Stefánsdóttir	789 341
Agnar Sigurvinnsson	435 183
Sigurður Kristinsson	787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882,	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064,	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510,	spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar Til sölu

Bílar

Ford Bronco árgerð 1976 til sölu skráður á Íslandi en er hér í Luxembourg. Þarfnast viðgerðar. Áhugasamir hringi í Ellen og Sigga í síma 768 650 eða og 091 768 650.

Reiðhjól

Nýlegt reiðhjól til sölu, vel meðfarið og fínt. Upplýsingar veitir Örn Freyr í síma 341 882.

Reiðhjólalandur

Til sölu reiðhjólalandur á fólksbíl með farangursgeymslu, einu sinni notaður. Selst ódyrt. Upplýsingar veitir Óttar í síma 365 163.

Tjaldvagn

Til sölu er tjaldvagninn Trigano Vandome Luxe árgerð 2001. Verð 4000€. Upplýs. veita Ellen og Siggi í síma 768 650 og 091 768 650

Tilboð

Tilboð frá Golfklúbbi Kiðjabergs á Íslandi til Íslendinga sem búsettir eru í Luxembourg, sjá islandus.net Upplýsingar hjá Haraldi Má Stefánssyni, í síma +354 690 4229 og á hallimar_stef@hotmail.com.

Gisting í Frankfurt

Verið velkomin í frábæra gisti-aðstöðu fyrir Íslendinga jafnt sem aðra á ferð og flugi um heiminn. Aukið gistirými. Upplýsingar á; www.appartement-l-frankfurt.de www.appartement-sol-frankfurt.de

Tilkynningar

Euro-Ice

Tíu ára afmælishátíðargolfmót EURO-ICE verður haldið 28. sept., til 1. okt., í Golf Disneyland í Frakklandi í næsta nágrenni við Disneyland Paris. Sjá nánar í eldri Brúm og á www.islandus.net.

Tónlist

“Dýrin í Hálsaskógi” komin á DVD í verslanir á Íslandi.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Símaskrá

Nýjir meðlimir

Sigvaldi Stefánsson
Dagný Broddadóttir
19 rue de la Deportation
L - 8021 Strassen
Sími 26 311 781
Gsm D 021 541 292
E-mail dagny@vma.is

Sveinn Garðar Helgason

Kristín Pétursdóttir
171 rue Kohlenberg
L-1870 CESSANGE
Sími 26 897 393
Gsm S 021 497 974
Gsm K 021 261 744
Email kristinpeturs@gmail.com

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.show.lu
www.popconcerts.de
www.luxembourgticket.lu
www.topsquash.lu

Belgía

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

**Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net**

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

“Oft fara bændur út um þúfur.”